



## Heillaóskir frá forseta Íslands

Álfaklettur; hamraborg og huliðsheimur ævintýra; ljúfir tónar, fagrar raddir. Í ljóðum fyrri tíðar var harpan tákn um drauma þjóðar, list og fegurð sem færir lífinu nýjar víddir.

Þótt fyrstu hljóðfærin kæmu í torfbæi og lágreist timburhús við fjörukambinn var tónlistin lengi að ná hér þroska, verða burðarás í menningarlífi Íslendinga.

Þegar Vladimir Ashkenazy kom hingað fyrst voru frumherjarnir enn að verki, tónskáldin sem ung héldu út í heim til að geta svo síðar rutt hér brautir. Stofnun Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrir rúmum sextíu árum fól í sér heitstrengingu um nýja tíma, metnað til að láta að sér kveða á vettvangi listar sem löngum var talin hin æðsta.

Nú er hljómsveitin komin í fremstu röð og vígir Hörpu ásamt Ashkenazy, ungum píanósnillingi, ástsælu tónskáldi og öflugum kór; öðlast hér við hafið ný heimkynni sem einnig eru ætluð fjölþættri listsköpun þeirra sem í framtíðinni munu stíga á sviðið.

Fyrstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu eru upphaf nýrra tíma í menningarsögu þjóðarinnar.